

**14. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í Háskólasetri Vestfjarða fimmtudaginn 27. febrúar 2025 kl 13.00.**

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Ástrós Þóra Valsdóttir, Bragi Þór Thoroddsen, Finnur Ólafsson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Kristján Þór Kristjánsson, Matthías Lýðsson, Páll Vilhjálmsson og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir.

Forföll boðuðu; Arnlín Óladóttir, Aníta Björk Pálínudóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Eva Sigurbjörnsdóttir, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir, Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir og Þorgeir Pálsson

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaðpróunar sem ritaði einnig fundargerð og Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri. Hinsvegar Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf og Herdís Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur og Hlynur Torfi Torfason skipulagssérfræðingur frá VSÓ ráðgjöf. Hlynur er einnig skipulagsfulltrúi Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Strandabyggðar og Reykhólahrepps.

Fundinn sátu einnig fulltrúar sveitarfélaga á Vestfjörðum. Frá Ísafjarðarbæ Axel R. Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs. Frá Bolungarvíkurkaupstað Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri og Finnbogi Bjarnason, byggingarfulltrúi. Frá Reykhólahreppi, Hrafnkell Guðnason, verkefnastjóri framkvæmda og uppbyggingar. Frá Vesturbyggð, Elfar Steinn Karlsson, byggingarfulltrúi, Óskar Örn Gunnarsson, skipulagsfulltrúi, Jenný Lára Magnadóttir bæjarfulltrúi og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir, bæjarfulltrúi. Frá Súðavíkurhrepp, Jóhann Birkir Helgason, skipulagsfulltrúi.

Efni fundarins er að draga saman efni fyrri funda og fjalla um heildarnálgun vinnslutillögu.

Dagskrá;

1. Framtíðarsýn fyrir Vestfirði 2050 - staðbundnar breytingar. Hópavinna
2. Mótun vinnslutillögu - staða vinnunar
3. Vindorka - umræða stefnupunkta
4. Önnur mál

Formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar. Hún kynnti að hennar mati og varaformanns í samráði við skipulagsráðgjafa, að nauðsyn sé fyrir framgang verkefnisins að nefndin komi saman í staðfundi í stað fjarfundar. Formaður kannaði síðan með boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið var til dagskrár

1. Framtíðarsýn fyrir Vestfirði 2050 - staðbundnar breytingar. Hópavinna  
Formaður gaf Hrafnkeli Proppé orðið. Hann setti fram viðfangsefni fyrir hópavinnu er varðar  
hvernig Vestfirðir geti þróast til ársins 2050 á grundvelli framtíðarmyndar, Meðbyrs (háspá).  
Tekið er til umfjöllunar hvernig 4000 nýir íbúar dreifist á atvinnu og byggðasvæði, hverjir  
verðir drifkraftar þessa vaxtar og kallar það á meiri innviðaúrbætur en settar hafa verið fram í  
áætlunum. Horft verði einnig til uppbyggingar þjóðgarða á skipulagstímanum.

Unnið í hópavinnu samkvæmt fyrirskrift Hrafnkels og niðurstöður kynntar.  
Þórkatla og Jenný véku af fund

2. Mótun vinnslutillögu - staða vinnunar  
Formaður gaf Hrafnkeli orðið.

Hann kynnti stöðu áfanga í skipulagsvinnunni, nú væri í miðjum klíðum í 4. áfanga sem er  
gerð vinnslutillögu, miðað við skil hennar í lok júní n.k. og til umsagnar fram á haust. Hann  
kynnti hugmynd að formi og útliti vinnslutillögu í skýrsluformi. Hann kynnti stöðu á vinnu að  
stefnuköflum fyrir fimm svið, náttúru og auðlindir, samfélagsauður, atvinnu og nýsköpun,  
menningarauður og grunnkerfi, hér undir eru 15 málaflokkar.

Kallaði hann eftir umræðu hvaða mál eru nauðsynleg og hugsanlega mál sem megi sleppa s.s.  
þau séu rædd á öðrum vettvangi eða óþörf að sinni.

Til máls tóku, Axel, Jóhanna, Finnur, Lilja, Hrafnkell, Óskar, Sigríður K, Jón Páll, Bragi,  
Aðalsteinn

Formaður lagði til að vísa frekari umræðu til næsta fundar sem haldinn verður á Patreksfirði  
þann 10. mars n.k..

3. Vindorka - umræða stefnupunkta  
Formaður gaf Herdísí orðið.

Herdís fór yfir umræðu frá 12. fundi þar sem umfjöllun var um orkumál og innviði m.a. um  
valkosti í orkumálum auk fleiri mála. En nú væri tekin til viðbótar umræða um vindorkukostir  
á Vestfjörðum aðrir en vindorkuver í Garpsdal. Hún rakti þær fyrirstöður sem hún teldi væru  
til staðar í innviðum, veðurfari, raforkukerfi og umhverfisþáttum s.s. friðun fugal. En nefndin  
yrði að taka afstöðu til hvort taka ætti sameiginlega stefnu um vindorku og hvaða þættir það  
væru sem yrði samnefnari um.

Til máls tóku, Jóhann, Jóhanna, Lilja, Jón Páll, Jóhann Birkir og Finnur

Formaður óskaði eftir afstöðu fundarins með vísan til umræðu, til mótunar stefnu varðandi  
vindorku og hvort menn teldu ástæðu til að stefna um vindorku á Vestfjörðum væri í  
svæðisskipulagi.

Í framhaldsumræðu kom fram sú afstaða að ekki væri tímabært að leggja fram ákveðna stefnu m.a. með vísan til að lagarammi vindorku væri ekki tilbúinn.

Formaður gerði því að tillögu að í svæðisskipulagi kæmi fram að “ að svo stöddu liti svæðisskipulagsnefnd á að ekki væri tímabært að móta stefnu um vindorku á Vestfjörðum en við endurskoðun svæðisskipulagsins þyrfti að taka afstöðu til slíkrar stefnumótunar ef lagarammi væri orðið skýr”.

Ekki komu fram fleiri sjónarmið af fundinum og telst því niðurstaðan sú að ekki verði að sinni meira unnið með stefnumótun um vindorku í svæðisskipulagi.

Herdís kynnti einnig lauslega mögulega stefnu varðandi starfsemi skemmtiferðarskipa sem rædd var 12. fundi. Til máls tóku Lilja, Axel, Sigríður K, Jón Páll,

Fram kom ánægja með frumkvæði Ísafjarðarbæjar varðandi stefnumótun sveitarfélagsins í móttöku skemmtiferðaskipa og að litið yrði til þeirrar vinnu í svæðisskipulaginu.

#### 4. Önnur mál

Ekki voru tillögur um önnur mál.

Formaður þakkaði fundargestum fyrir þátttöku í fundinum og sleit fundi kl 16.10